



norden

Framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2009–2012

Framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2009–2012

ANP 2008:735

© Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn 2008

ISBN 978-92-893-1738-2

Prentun: Scanprint as

Hönnun: Jette Koefoed

Ljósmyndir:

Photodisc: Kápa, bls. 3, 4, 6, 8, 10, 12, 13, 16, 18, 20, 28, 31

Johannes Jansson: bls. 3, 4, 10, 12, 14, 16, 20, 22, 23, 24, 32, 35

Magnus Fröderberg: bls. 5, 26, 28, 30

Grete Kodi: bls. 3, 4, 8, 18, 19, 22, 24, 28

Lennart Perlenhem: bls. 19, 32

Karin Beate Nøsterud: bls. 21, 26, 30

Nikolaj Bock: bls. 27

Fjöldi eintaka: 600

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar umhverfiskröfur og má merkja með norræna umhverfismerkinu Svaninum. Ritið má panta á www.norden.org/order.

Fleiri rit eru á www.norden.org/publikationer

Printed in Denmark



www.norden.org

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Að samstarfinu standa Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk sjálfstjórnarsvæðanna Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlandanna í sterkri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmunir í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlandanna og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Store Strandstræde 18
DK-1255 Kaupmannahöfn K
Sími (+45) 3396 0200
Bréfasími (+45) 3396 0202

Norðurlandaráð

Store Strandstræde 18
DK-1255 Kaupmannahöfn K
Sími (+45) 3396 0400
Bréfasími (+45) 3311 1870

Efnisyfirlit

5 Formáli

6 Inngangur

Málaflokkar



- 9 1. Loftslagsmál og loftgæði
- 11 1.1 Áhrif loftslagsbreytinga
- 13 1.2 Aðlögun að loftslagsbreytingum
- 15 1.3 Loftgæði, heilsa og umhverfi



- 17 2. Hafið og strandsvæði
- 18 2.1 Vistkerfisnálgun
- 19 2.2 Ofauðgun
- 21 2.3 Hættuleg efni í hafinu



- 23 3. Líffræðileg fjölbreytni og þjónusta vistkerfa
- 25 3.1 Líffræðileg fjölbreytni
- 27 3.2 Landslag, menningarlandslag og útivist




- 29 4. Sjálfbær neysla og framleiðsla
- 31 4.1 Efni og efnavörur og hringrásarhugsun
- 33 4.2 Auðlindanýtni og markaður þar sem umhverfissjónarmið eru höfð að leiðarljósi

34 Framkvæmd og eftirfylgni

35 Skipurit

36 Skammstafanir

36 Samninganefnd



Formáli

Heilbrigð vistkerfi tryggja hreint loft, hreint vatn, örugg matvæli og önnur hráefni en þessir þættir eru undirstaða líkamlegrar og andlegrar vellíðunar okkar. Landslag Norðurlanda, náttúran og menningarumhverfi, eru verðmætar auðlindir fólksins og samfélagið byggist á þeim auðlindum sem er að finna í umhverfi okkar. Til að standa vörð um og bæta lífsskilyrði fólks er því mikilvægt að vernda umhverfið.

Framkvæmdaáætlun þessi í umhverfismálum gildir fyrir tímabilið 2009-2012 og er leiðandi í umhverfissamstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Í henni er stefnumótun í norrænu umhverfissamstarfi tíunduð. Á umhverfissviðinu er einnig í gildi sérstök stefna í málafnum er lúta að loftslagsmálum og eiturefnum á norðurslóðum.

Þá er fjallað almennt um mikilvæg umhverfismál í norrænni stefnumótun um sjálfbæra þróun, framkvæmdaáætlun á sviði sjávarútvegs, landbúnaðar, matvæla og skógræktar, samstarfsáætlun um málefni norðurslóða og áætlun um samstarf við grannsvæðin. Þá setja ríkin fram almennar leiðbein-

ingar fyrir umhverfissamstarfið í formennskuáætlunum sínum í Norrænu ráðherranefndinni sem gerðar eru árlega.

Í hnattvæðingaraðgerðum þeim sem forsætisráðherrar Norðurlandanna komu sér saman um árið 2007 er lögð sérstök áhersla á loftslags- og orkumál. Hnattvæðingaraðgerðir eiga eftir að setja mikinn svip á norrænt samstarf á komandi árum. Hnattvæðingin hefur æ meiri áhrif á umhverfismálin enda verða þau sífellt margslungnari. Því er rík þörf á að vinna þverfaglega, bæði innan umhverfisgeirans og með öðrum samstarfssviðum.

Sérstaklega þarf að beina sjónum að alþjóðlegum málefnum þar sem norrænu þjóðirnar geta snúið bökum saman, lagt aukinn þunga á hagsmuni sína og fyrir vikið náð hámarks nytsemi fyrir Norðurlönd. Í samstarfi ríkisstjórna og yfirvalda landanna skal lögð áhersla á þætti þar sem samlegðaráhrifa gættir mest, en í því felst að ríkin beri saman reynslu sína, safni upplýsingum, leiti sameiginlegra lausna, skipti með sér verkum og leggi fram tillögur og stuðli að

tilteknum aðgerðum, bæði innan vébanda ESB og á alþjóðavettvangi.

Áætlunin er miðuð við ríkjandi aðstæður. Áriðandi er að þróa og skerpa norrænt umhverfissamstarf til að takast á við áskoranir sem framundan eru. Því hyggjast umhverfisráðherrarnir halda áfram að greina ný mikilvæg samstarfssvið þar sem Norðurlandþjóðirnar geta stuðlað í sameiningu að bættu umhverfi.

Fyrir hönd norrænu umhverfisráðherranna.



Andreas Carlgren



Inngangur



Margar áskoranir í umhverfismálum eru þess eðlis að nauðsynlegt er að takast á við þær í samvinnu – í löndunum sjálfum, svæðisbundið og í alþjóðlegu samstarfi. Þetta á einkum við um loftslagsbreytingar, notkun og losun á efnum og efnavörum, verndun vistkerfa hafsins sem og verndun og nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni. Brýnt er að efla samstarf Norðurlandanna um að nýta auðlindirnar á sem bestan hátt og leita norrænna lausna.

Norrænu ríkin leggja kapp á að vera öðrum til fyrirmyndar í umhverfismálum og miðla reynslu sinni til annarra. Þekking á neyslu- og framleiðsluháttum skiptir sköpum fyrir ástand umhverfismála og því ber að skoða umhverfis- og efnahagsmál í samhengi.

Sameiginleg rödd Norðurlandanna skiptir máli fyrir þróunina í Evrópu sem og í heiminum öllum. Norðurlönd hafa í áranna rás stillt saman strengi sína og lagt ýmislegt af mörkum til alþjóðlegs starfs að umhverfismálum með því að kynna góðar hugmyndir og traustar lausnir. Þá starfshætti ber að þróa enn frekar.

Norðurlöndin eiga drjúgan þátt í starfi að umhverfismálum sem fram fer innan vébanda ESB. Danmörk, Finnland og Svíþjóð eru aðildarríki ESB en Norðmenn og Íslendingar taka þátt í umhverfissamstarfi ESB innan ramma EES-samningsins. Norrænt umhverfissamstarf miðast við að bæta EB-reglugerðir og alþjóðasamninga um umhverfismál svo hægt sé að bregðast markvisst við áskorunum.

Lausnir á umhverfisvanda á grannsvæðunum skipta miklu máli fyrir Norðurlöndin. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) er öflugur norrænn sjóður sem fjármagnar fjölda smárra og meðalstórra umhverfisverkefna í Rússlandi, Úkraínu og Eystrasaltsríkjunum. Norræni fjárfestingabankinn (NIB) leggur æ meiri áherslu á umhverfismál, einkum á sviði loftslagsmála og hvað varðar ástand Eystrasaltsins. Þá taka Norðurlöndin virkan þátt í umhverfisstarfi Norðurskautsráðs, Barentsráðs og Eystrasaltsráðs svo og í starfi tengdu svæðisbundnum milliríkjasamningum.

Hnattrænar umhverfisógnir hafa sérlega mikil og sýnileg áhrif á

umhverfi heimskautasvæðanna í norðri. Því hafa Norðurlöndin mótað stefnu um eiturefni og loftslagsmál á norðurslóðum í því skyni að vernda hið einstaka umhverfi þar. Landfræðileg lega Norðurlanda og mikil þekking þar á viðkvæmu umhverfi norðurslóða skapa sérstök skilyrði fyrir ríkin til að leggja sitt af mörkum varðandi málefni norðurslóða á alþjóðavettvangi.

Hnattvæðingin felur í sér aukin milliríkjasamskipti á öllum sviðum og getur því stuðlað að auknum skilningi á mikilvægi umhverfismála. Við verðum æ háðari umheiminum um leið og ásókn eykst í takmarkaðar auðlindir jarðar. Norðurlöndin hafa löngum lagt áherslu á virka þátttöku í alþjóðasamstarfi. Umhverfivandi virðir engin landamæri og getur því valdið deilum milli ríkja og þjóða. Umhverfivandi bitnar verst á hinum fátæku. Má í því tilliti meðal annars nefna gróðureyðingu, skort á vatni og hreinlætisaðstöðu, ofnýtingu náttúruauðlinda, flóð og veðurofsa auk mengunar í fátækrahverfum.

Ríki sem búa við öran hagvöxt, þar á meðal Indland, Kína og Rússland,

hafa æ meiri áhrif á stöðu umhverfismála í heiminum. Í þróunarsamvinnu og starfi alþjóðlegra stofnana vinna Norðurlöndin saman að því að miðla þekkingu og reynslu til þessara og annarra ríkja um málefni eins og vatnsveitur, orkumál, loftgæði, umhverfistækni, efni og efnavörur og loftslagsmál.

Á norrænum vettvangi er unnið að því að leita samlegðaráhrifa bæði hvað varðar alþjóðlega samninga um umhverfismál og annað alþjóðlegt samstarf. Norðurlandþjóðir hafa löngum lagt áherslu á skilvirkni í alþjóðlegu umhverfisstarfi. Til að auka vægi umhverfismála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna telja Norðurlöndin mikilvægt að efla Umhverfisstofnun SP (UNEP). Samstarf er hafið til að tryggja samlegðaráhrif milli sáttmálanna um efni og efnavörur annars vegar og úrgang hins vegar. Mikilvægt er að ýta úr vör sams konar samstarfi á sviði líffræðilegrar fjölbreytni.

Norrænt samstarf byggir á meginreglunni um norræna nytsemi en hún kveður á um að löndin vinni saman að málefnum þar sem vænta má betri árangurs og minni kostnaðar en þegar hvert ríki baukar í

sínu horni. Samstarfið getur falist í að löndin skipti með sér verkum eða vinni saman að málefnum sem samkomulag hefur náðst um. Með þessa meginreglu að leiðarljósi eru eftirtaldir málaflokkar í brennidepli í umhverfissamstarfi á tímabilinu 2009-2012:

- Loftslagsmál og loftgæði
- Hafið og strandsvæði
- Líffræðileg fjölbreytni og þjónusta vistkerfa
- Sjálfbær neysla og framleiðsla

Framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2009–2012 Loftslagsmál og loftgæði



1. Loftslagsmál og loftgæði

Meginmarkmið

Að koma í veg fyrir alvarlegar loftslagsbreytingar og afleiðingar af þeirra völdum.

Að mengun andrúmslofts spilli hvorki umhverfinu né heilsu fólks.

Ef ekki dregur úr loftslagsbreytingum mun mannkynið þurfa að horfast í augu við mjög víðtækar breytingar á afkomu sinni og lífs-skilyrðum. Búist er við að forsendur dýralífs og gróðurs gjörbreytist á stuttum tíma og hafi það afdrifaríkar afleiðingar fyrir heilsu og athafnir fólks í för með sér, þar á meðal við nýtingu lands, í iðnaði, varðandi búsetuskilyrði og við orkuöflun. Áhrif losunar gróðurhúsalofttegunda eru hin sömu hvar sem hún á sér stað. Útgjöld samfélagsins aukast og eru ófyrirsjáanleg. Samkvæmt rannsóknirum SP um loftslagsmál er ábyrgð ríkja heims á aðgerðum sameiginleg en mismunandi eftir stöðu þeirra. Stefna hvers einstaks ríkis í loftslagsmálum byggist á alþjóðlegu sam-

starfi. Norðurlandþjóðirnar eru sammála um að mikilvægt sé að ryðja hindrunum úr vegi í alþjóðlegu samstarfi og koma sér saman um skilvirkar og sanngjarnar aðgerðir og stjórnþæki til að örva tækniþróun og nýsköpun, bæði í löndunum sjálfum og samvinnu þeirra í milli.

Mengun andrúmslofts spillir umhverfi og heilsu fólks. Margar tegundir mengunar virða engin landamæri, til dæmis berast brennisteinsoxíð, köfnunarefni, þrávirk lífræn efni (POP), þungmálmar og svifryk með lofti langar leiðir. Því er alþjóðasamstarf á þessu sviði afar mikilvægt. Á undanförunum 20 árum hefur verið gripið til víðtækra aðgerða í Evrópu í því skyni að draga úr loftmengun. Þrátt fyrir að ýmislegt hafi áunnist er mikið verk óunnið áður en náð er þeim meginmarkmiðum í umhverfismálum að vernda heilsu og umhverfi fólks, bæði í Evrópu og á Norðurlöndum.

Mikilvæg ferli

Norrænt samstarf getur stuðlað að því að alþjóðlegt samkomulag náist um nýjan og metnaðarfullan loftslagssamning á vettvangi

Sameinuðu þjóðanna. Til að svo megi verða þarf að grípa til aðgerða sem kalla á samstarf við ESB. Norðurlöndin geta gegnt mikilvægu hlutverki við stefnumótun ESB í orku- og loftslagsmálum. Á vettvangi svæðisbundinna samtaka gefast tækifæri til að fjalla um aðlögun að loftslagsbreytingum. Norrænt samstarf um málefni heimskautasvæða gerir kleift að takmarka mengun sem berst yfir landamæri einnig í tengslum við alþjóðlega og evrópska samninga. Sameiginlegar reglur ESB um ýmsar tegundir loftmengunar verða endurskoðaðar og endurnýjaðar. Á vegum ESB og Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) verður unnið að nýjum stöðlum fyrir gæði eldsneytis og losun ýmissa efna í andrúmsloftið frá siglingum.

Norðurlöndin geta einnig gegnt mikilvægu hlutverki við að efla samstarf og samhæfingu milli samninganna um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni.



Framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2009–2012 Loftslagsmál og loftgæði

1.1 Áhrif loftslagsbreytinga

Markmið

Samkomulag náist um nýjan alþjóðlegan loftslagssamning á 15. leiðtogafundi loftslagssamnings SP (CoP15) í Kaupmannahöfn haustið 2009.

Öll ríki og ríkjasambönd skuldbindi sig til að draga úr losun til lengri tíma litið með skilvirkum og sanngjörnum aðgerðum sem stuðla að sjálfbærri þróun til frambúðar.

Hlýnun lofthjúps jarðar verði ekki meiri en 2°C miðað við hitastig jarðar við upphaf iðnbýltingar.

Markmiðið miðast við að hnattræn losun gróðurhúsalofttegunda aukist ekki eftir 2015 og hafi minnkað um helming árið 2050 miðað við 1990.

Áhrif loftslagsbreytinga eru mismunandi eftir heimshlutum. Í okkar hluta heims gætir þeirra aðallega á heimskautasvæðunum. Þegar dregið er úr losun hefur það hins vegar jafn mikil áhrif um allan heim. Iðnríkin verða að vera í

fararbroddi því þar er losunin mest á hvern íbúa. Oft borgar sig þó að grípa til aðgerða þar sem minnst hefur verið gert fram til þessa.

Norðurlöndin hafa sett sér háleit markmið heima fyrir til að geta verið öðrum fyrirmynd og sýnt fram á að hægt er að draga úr losun án þess að það bitni á lífskjörum fólks. Þá geta ríkin lagt sitt af mörkum með því að styðja aðgerðir þar sem þær skila bestum árangri. Norðurlöndin munu standa saman með ýmsum hætti að því að vekja athygli á þessum mikilvægu atriðum í viðræðum um nýjan loftslagssamning. Minnkun losunar til að stemma stigu við magni gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti er háð því að öll helstu efnahagsveldi og ríkjasambönd heims axli ábyrgð og taki þátt í að ná bindandi samkomulagi.

Forgangsverkefni

- Norðurlöndin komi sér saman um mikilvægustu atriðin í alþjóðlegum viðræðum um nýjan loftslagssamning og aðgerðir til að stuðla að góðum árangri á leiðtogafundinum og í kjölfar hans.
- Stuðla að metnaðarfullri

stefnu í loftslags- og orkumálum innan ESB.

- Þróa alþjóðleg viðskipti með losunarheimildir og aðrar sveigjanlegar aðferðir sem tryggja traust og skilvirk kerfi í alþjóðasamstarfi.
- Þróa skilvirk stjórn tæki til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- Nýta þekkingu, meðal annars með því að beita bestu fáanlegu tækni (BAT) til að þróa lausnir þar sem orkunýtni er höfð að leiðarljósi.
- Stuðla að lausnum innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) til að draga úr losun frá skipum og þróa viðskipti með losunarheimildir.
- Vinna að því að þróaðar verði sjálfbærar aðferðir við notkun lífelfsneytis.
- Safna upplýsingum um áhrif uppbyggingar samfélagsins á losun út í andrúmsloftið.



Framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2009–2012

Lofschlagsmál og loftgæði

1.2 Aðlögun að loftslagsbreytingum

Markmið

Próaðar hafi verið aðferðir til aðlögunar og dregið hafi úr neikvæðum afleiðingum loftslagsbreytinga, einkum fyrir líffræðilega fjölbreytni.

Í kjölfar loftslagsbreytinga má gera ráð fyrir auknum veðurofsa, stormum, aukinni úrkomu og flóðahættu. Hlýnun loftslags hefur margs konar áhrif á vistkerfin og líffræðilega fjölbreytni. Yfirborð sjávar hækkar, útbreiðslusvæði margra tegunda færast um set og sum búsvæði munu hverfa. Þó að meginmarkmið um að takmarka hlýnun lofthjúps jarðar við 2°C náist geta loftslagsbreytingarnar haft viðsjárverðar afleiðingar. Vitað er að áhrifin verða mikil og afdrifarík á norðurslóðum.

Hnatræn hlýnun getur haft jákvæð skammtímaáhrif á loftslag Norðurlanda og munu þau til dæmis birtast í aukinni framleiðni í skógrækt. Talið er að Norðurlöndin hafi betri forsendur en mörg

önnur lönd og heimshlutar til að aðlagast breytingunum. Unnið er að aðgerðum á ýmsum samstarfssviðum í því skyni að undirbúa aðlögun að loftslagsbreytingum, þar á meðal í samgöngu- og orkumálum. Þær aðgerðir mega hvorki spilla náttúru né umhverfi.

Forgangsverkefni

- Próa tæki til að takast á við loftslagsbreytingar á Norðurlöndum.
- Auka þekkingu á samspili loftslagsbreytinga, mótvægisáðgerða og líffræðilegrar fjölbreytni með hliðsjón af landslagi og náttúru Norðurlanda.
- Varpa ljósi á áhrif loftslagsbreytinga á vistkerfi, náttúruauðlindir, hafstrauma og líffræðilega fjölbreytni – einkum á norðurslóðum.
- Varpa ljósi á áhrif breyttrar úrkomu og afrennsliskilyrða og hækunar á yfirborði sjávar.





1.3 Loftgæði, heilsa og umhverfi

Markmið

Mengun andrúmslofts fari ekki yfir leyfileg mörk og uppfylli alþjóðlegar kröfur.

Alþjóðastarf til að vernda andrúmsloftið hafi leitt til þess að losun sýrandi og ofauðgandi efna, auk þungmálma, lífrænna mengunarefna og svifryks hafi minnkað.

Norrænt samstarf um verndun andrúmslofts var haft til hliðsjónar þegar sams konar samstarfi var komið á fót á alþjóðavettvangi. ESB er mikilvægasti aðilinn sem hefur með höndum lagasetningu hvað varðar verndun andrúmslofts. Genfarsamningurinn um loftmengun sem berst langar leiðir (LRTAP) er þó víðfeðmari því hann nær út fyrir raðir ESB-ríkja og skiptir því miklu fyrir Norðurlöndin.

Stefnumörkun ESB frá 2005 varðandi loftmengun er leiðandi fyrir starf um verndun andrúmslofts til ársins 2020. Áhrif loftmengunar á heilsufar fólks var meginástæða þess að ákveðið var að grípa til aðgerða. Rannsókn-

ir sýna fram á að loftmengun, einkum svifryk, eykur dánartíðni. Loftgæði í mörgum stærri borgum Norðurlanda eru á stundum verri en þau viðmiðunarmörk sem sett hafa verið.



Önnur vandamál vegna loftmengunar eins og súrnun og ofauðgun kalla enn á úrlausnir. Súrnun vandinn er víða á Norðurlöndum en þó er styrkur köfnunarefnis nú meiri en styrkur brennisteins. Köfnunarefni hefur áhrif á líffræðilega fjölbreytni og samspil ósons við yfirborð jarðar og köfnunarefnisoxíðs dregur úr trjávexti. Aðgerða er þörf til að draga úr skaða af völdum lífrænna mengunarefna og þungmálma sem berast langar leiðir.

Þess er vænst að með löggjöf ESB um loftgæði sem öðlast gildi á næstu árum verði stigið skref í átt til að draga úr losun. Frekari aðgerða er þörf eigi markmiðin að nást fyrir 2020. Í þessu starfi hefur mönnum orðið æ ljósara að ekki er hægt að fjalla um mengun andrúmslofts án þess að ræða loftslagsbreytingar í sömu andrá.

Forgangsverkefni

- Taka þátt í að móta EB-gerðir og alþjóðlega samninga um að draga úr losun svifryks í umferðinni, um lífrænt eldsneyti og húshitun.
- Stuðla að því að draga úr losun og áhrifum sýrandi og ofauðgandi efna.
- Koma í veg fyrir og draga úr losun yfir landamæri einkum kvikasilfurs, fjölarómatíks vetniskolefnis og díoxíns.
- Greina tengsl milli aðgerða vegna loftslagsbreytinga og verndunar andrúmslofts.
- Vinna saman að því að greiða fyrir alþjóðlegum samningaviðræðum, draga úr losun út í andrúmsloftið í því skyni að minnka losun mengandi efna sem berast um langan veg.

Framkvæm dæðætlun í umhverfismálum 2009–2012 Hafrið og strandsvæði



2. Hafið og strandsvæði

Meginmarkmið

Ástand vistkerfa í norrænum höfum verði gott í síðasta lagi 2020.

Nýting norrænna hafsvæða verði sjálfbær.

Umhverfis Norðurlöndin liggja stór og fjölbreytileg hafsvæði sem gegna mikilvægu hlutverki fyrir líffræðilega fjölbreytni og velferð almennings. Fiskveiðar, útivist og ferðaþjónusta eru háð því að vistfræðilegt ástand hafsins sé gott. Því er brýnt að ná samstöðu um aðgerðir til að vernda hafið og takast á við ógnir sem blasa við vistkerfum þess, einkum ofauðgun, ofveiði og eiturefni. Einkum ber að beina sjónum að mengun frá landsstöðvum.

Ástandið í Eystrasalti er alvarlegt. Ofauðgun ógnar ekki aðeins vistkerfum heldur einnig efna-hagsþróun á þessum slóðum. Með nýjum EB-gerðum, einkum haftilskipun EB og rammatilskipun um vatn opnast tækifæri til að

móta skilvirkari aðgerðaáætlanir en hingað til.

Aðgerðaáætlun fyrir Eystrasaltið (Baltic Sea Action Plan, BSAP) á vegum HELCOM felur í sér raunhæfar aðgerðir og áætlanir í löndunum sjálfum til að draga úr losun köfnunarefnis og fosfórs í hafið. Kröfur í áætluninni varðandi fosfór eru strangari en í löndum ESB. Mikilvægt er að öll ríkin við Eystrasalt, ekki síst Rússland, taki þátt í áætluninni. Alþjóðlegar fjármálastofnanir eins og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO), Norræni fjárfestinga-bankinn (NIB) og fjármögnun-arsjóðir ESB eiga að gegna mikilvægu hlutverki við verndun umhverfis Eystrasaltsins.

NA-Atlantshafinu stendur ógn af mengandi efnem sem berast oft langt að, auðgast og safnast upp í fæðukeðjunni. Hér er um að ræða lífseiga lífræna mengun, þungmálma og geislavirk efni. Mikilvægt er að greina, draga úr notkun og bæta meðhöndlun slíkra efna og semja alþjóðlegar reglur þar að lútandi.

Þegar haffsinn bráðnar opnast nýjar siglingaleiðir og veiðisvæði. Jafnframt eykst ásókn í aðrar auðlindir. Allt eykur þetta álag á umhverfið, ekki síst á norðurslóðum. Því er þörf á alþjóðlegu samstarfi til að vernda umhverfið á þessum viðkvæmu svæðum.

Mikilvæg ferli

Norðurlöndin gegna mikilvægu hlutverki í vinnu við svæðisbundna samninga (HELCOM og OSPAR) um verndun norrænna hafsvæða og í starfi vinnuhóps Norðurskautsráðsins (PAME). Alþjóðlegir staðlar fyrir umhverfisáhrif skipasiglinga eru unnir á vegum Alþjóðasiglinga-málastofnunarinnar (IMO). Þar standa Norðurlöndin vörð um sameiginlega hagsmuni sína sem felast í því að draga úr losun og að vernda hafsvæði. Í tengslum við sáttmálann um líffræðilega fjölbreytni (CBD) hefur verið unnin áætlun um verndun hafsvæða. Ný stefna ESB í málefnum Eystrasaltsins, haftilskipun ESB og aðgerðaáætlun HELCOM fyrir Eystrasalt eru mikilvæg tæki til að bæta umhverfi hafsins. Breytingar sem nú er unnið að á stefnu ESB í landbúnaði og sjávarútvegi munu hafa áhrif á umhverfi hafsins.

2.1 Vistkerfisnálgun

Markmið

Verðmæti og auðlindir hafs og strandsvæða eru tryggð með stjórnun sem byggir á heildarsýn.

Vistkerfi í hafinu og á strandsvæðum eru mjög viðkvæm fyrir áhrifum af athöfnum manna. Afkoma og lífsskilyrði fjölda fólks eru háð ástandi hafsins. Því er mikilvægt að beita heildarsýn við stjórnun. Öll nýting lifandi auðlinda verður að vera sjálfbær þannig að vernda megi vistkerfin og líffræðilega fjölbreytni þeirra.

Með rammatilskipun EB um vatn og haftilskipuninni er heildarsýn



höfð að leiðarljósi og mið tekið af ástandi lífríkisins og allar aðgerðir metnar í samhengi hver við aðra. Skipulag haf- og strandsvæða verður æ mikilvægara þar eð álag eykst stöðugt samfara nýtingu af ýmsum toga. Mikilvægt er að meta áhrif á umhverfið áður en ákvörðun er tekin um nýtingu norrænna hafsvæða.

Forgangsverkefni

- Stuðla að því að stöðuskýrsla (Quality Status Report) á vegum OSPAR samningsins sé í samræmi við rammatilskipun EB um vatn og haftilskipun EB.
- Stuðla að því að þróa nothæf stjórnþæki og fjármögnunarleiðir.
- Starfa saman að framkvæmd aðgerðaáætlana innan rammatilskipunar EB um vatn.
- Vinna saman á alþjóðavettvangi að reglugerðum um losun kjölfestuvatns frá skipum og losun lofttegunda og skolps í því skyni að tryggja að tekið verði tillit til viðkvæmra vistkerfa hafsins.
- Stuðla að því að sett verði á fót net verndarsvæða í norrænum höfum.

2.2 Ofauðgun

Markmið

Dregið hafi úr ofauðgun svo vistkerfi haldi velli og vistfræðileg staða verði góð.

Ofauðgun er mikið vandamál í Eystrasalti, Kattegat, Skagerrak og á strandsvæðunum sem að þeim liggja. Ástæðan er sú að alltof mikið magn af næringarsöltum hefur borist til sjávar á þessum slóðum. Þá hefur jafnvægi í lífríki hafsins raskast vegna ofveiði. Þörungur spilla stórum strandsvæðum og þörungablóma bregður fyrir aftur og aftur á opnu hafi. Víðtækra aðgerða er þörf til að draga úr losun köfnunarefnis og fosfórs frá stærri og smærri byggðarlögum, landbúnaði, skógrækt og iðnaði. Í aðgerðaáætlun HELCOM fyrir Eystrasaltið eru markmið um að draga það mikið úr ofauðgun að hafið geti náð sér að nýju.

Forgangsverkefni

- Starfa saman að aðgerðaáætlunum í samræmi við ramma-tilskipun EB um vatn, haftilskipun EB og aðgerðaáætlun HELCOM fyrir Eystrasaltið.
- Auka þekkingu og fræðslu um afleiðingar sem losun næringarefna hefur fyrir lífríki hafsins.
- Auka þekkingu á samspili ofauðgunar og loftslagsbreytinga.
- Þróa stefnumótun, aðgerðir, stjórnæki og hreinni tækni til að draga úr ofauðgun.
- Stuðla að því að stefna ESB bæði á sviði landbúnaðar og umhverfismála verði þannig úr garði gerð að tekið verði tillit til áhrifa á höf og vötn.





Frám svæm daáætlun í umhverfismálum 2009–2012 Hafid og strandsvæði

2.3 Hættuleg efni í hafinu

Markmið

Losun skaðlegra efna og mengunarvalda sem brotna hægt niður verði hverfandi og trúfli ekki gang vistkerfanna.

Hættuleg efni hafa áhrif á og spilla vistkerfum í höfum og vötnum. Þau áhrif birtast með beinum hætti við losun en með óbeinum hætti á umhverfi og heilsu fólks vegna ofauðgunar í fæðukeðjunni. Draga má úr álagi hættulegra efna á vistkerfin, annars vegar með því að takmarka notkun efna sem brotna hægt niður eða efna sem safnast upp og eitradra efnasambanda,



hins vegar með skilvirkri hreinsun efna sem hafna í höfum og vötnum og bættri meðhöndlun á úrgangi sem veldur spjöllum á umhverfinu. Vistkerfi sem eru næringarlítill eða undir álagi eru sérlega viðkvæm fyrir eiturefnum. Vistkerfi í N-Atlandshafi og á norðurskaotsvæðinu verða fyrir áhrifum af lífrænum eiturefnum og þungmálum sem berast langt að. Beina þarf sérstaklega sjónum að nýjum umhverfisskaðlegum efnunum, til dæmis halógenbundnum lífrænum mengunarvöldum.

Þar eð Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) hefur skilgreint Eystrasaltið sem sérlega viðkvæmt hafsvæði hefur verið gripið til verndunaraðgerða sem átt hafa þátt í að minnka hættu á árekstrum skipa. Skipaumferð,



ekki síst olúflutningar, hefur aukist verulega. Losun frá skipaumferð, þar á meðal olúleki, er því sívaxandi vandamál.

Forgangsverkefni

- Stuðla að alþjóðlegum samningum sem takmarka umhverfisáhættu sem stafar af hægt niðurbriótanlegum, uppsöfnuðum eiturefnum.
- Safna, auka og miðla þekkingu um tíðni, útbreiðslu og áhrif umhverfisskaðlegra efna á norræn hafsvæði og á norðurslóðum þannig að grípa megi til skilvirkari aðgerða til að draga úr útbreiðslu þeirra.
- Greina uppruna, útbreiðsluleiðir og áhrif tiltekinnar hættulegra efna, t.d. díoxíns, kvikasilfurs og fjölkloráðs bifényls (PCB) til að hægt verði að ákveða markvissar aðgerðir.
- Safna þekkingu um áhrif loftslagsbreytinga á losun, flutning og umbreytingu efna og efnavöru í umhverfi hafsins.



Framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2009–2012 Líffræðileg fjölbreytni og þjónusta vistkerfa

3. Líffræðileg fjölbreytni og þjónusta vistkerfa

Meginmarkmið

Auðlindum náttúrunnar verði stjórnað á sjálfbæran hátt í því skyni að vernda náttúruleg ferli og verðmæti menningarlandslags þannig að varðveita megi þjónustu vistkerfa.

Vistkerfi náttúrunnar starfa eins og hjartavöðvi þar sem stöðugleiki skiptir mestu. Líffskilyrði mannsins eru háð hæfni hans til að lifa í sátt við vistkerfin og nýta þau án þess að raska þeim. Starfhæf vistkerfi eru forsendur vellíðunar og velsældar því þau sjá okkur fyrir hreinu lofti, hreinu vatni, hreinu matvælum, lyfjum og öðrum lífrænum hráefnum um leið og þau stuðla að góðri líkamlegri og andlegri heilsu. Vistkerfin geta líka brotið niður og dregið úr skaða vegna losunar af völdum athafna mannsins.

Hnattvæðingin hefur sýnt svo ekki verður um villst að atburðir í einum heimshluta geta haft áhrif á umhverfið hinum megin á hnettinum. Áhrif mannsins á vistkerfin

eru nú orðin það víðtæk að erfitt verður að bæta fyrir afleiðingar þeirra. Vistkerfi undir álagi eru síður í stakk búin til að ráða við aðlögun að loftslagsbreytingum. Því er mikilvægt að beina sjónum að því að varðveita þau verðmæti sem vistkerfin gefa og geta gefið af sér.

Norðurlöndin leggja mikla áherslu á niðurstöður þúsaldarúttektar SP á ástandi vistkerfa heims (Millennium Ecosystem Assessment). Í skýrslunni er áhersla lögð á þjónustu vistkerfa og mikilvægi þess að varðveita starfsemi þeirra.

Mikilvæg ferli

Norðurlöndin eru í fararbroddi og vilja ná metnaðarfullum og raunhæfum markmiðum bæði í alþjóðlegum samningum á vettvangi SP svo og í svæðisbundnu samstarfi sem miðar að því að vernda líffræðilega fjölbreytni, sérstök vistkerfi, landslag og tegundir í útrýmingarhættu. Einnig er mikilvægt að hafa áhrif á starf ESB, einkum Natura 2000 en einnig evrópska landslagssáttmálann. Með sameiginlegri sérfræðipækkingu og reynslu af alþjóðlegu starfi varðandi erfðaauðlindir

vilja Norðurlöndin leggja sitt af mörkum til að tryggja bæði verndun og sjálfbæra og sanngjarna nýtingu á erfðaauðlindum.



Framkvæmdáætlun í umhverfismálum 2009–2012

Líf-ræðileg fjölbreytni og þjónusta vistkerfa



3.1 Líffræðileg fjölbreytni

Markmið

Tap á líffræðilegri fjölbreytni hafi verið stöðvað.

Uppbygging tegunda og stofna er afar hægt ferli og um þessar mundir hverfa tegundir í miklu meiri mæli en eðlilegt er. Mannkynið hefur aldrei áður staðið frammi fyrir því að þurfa að varðveita líffræðilega fjölbreytni á sama tíma og loftslag breytist með þeim hraða sem raun ber vitni. Þetta getur falið í sér hæfni stofna, tegunda og vistkerfa til að aðlaga sig breytilegum umheimi. Þetta getur líka þýtt að sumar tegundir flytji sig norðar á bóginn eða ofar í landið og enn aðrar tegundir nemi ný lönd.

Erfðafræðileg fjölbreytni bætir forsendur tegunda til að aðlagast breyttum aðstæðum. Ef markmið um að stöðva tap á líffræðilegri fjölbreytni eiga að nást fyrir 2010 þarf norrænt samstarf um líffræðilega fjölbreytni að miðast

að því að verndun og aðlögun að nýjum aðstæðum haldist í hendur. Norrænt samstarf um erfðabreyttar lífverur þarf að halda áfram, meðal annars milli norrænna stjórnvalda, um líffræðilegt öryggi og áhættumat í tengslum við leyfisveitingar og eftirlit.


Starf tengt erfðaauðlindum byggist á árangursríku þverfaglegu samstarfi Norðurlandanna þar sem áhersla er lögð á varðveislu erfðaauðlinda og sanngjarna skiptingu hagnaðar af nýtingu þeirra. Samstarfið er liður í framkvæmd alþjóðasamninga um erfðaauðlindir. Varðveisla erfðaauðlinda verður áfram í brennidepli í viðleitninni við að ná þúsaldarmarkmiðum SP fyrir 2010.

Tegundir og vistkerfi í fjallendum Norðurlanda og á heimskautasvæðunum eru sérlega viðkvæm. Lífríki í vatni eru einnig mikilvæg vistkerfi á Norðurlöndum. Framandi tegundir sem valda alvarlegri röskun á líffræðilegu jafnvægi eru mikil ógnun við líffræðilega fjölbreytni og búast má við að hættan sem framandi lífverur geta haft í för með sér magnist í kjölfar loftslagsbreytinganna.

Forgangsverkefni

- Semja norrænar tillögur um ný markmið í samningnum um líffræðilega fjölbreytni eftir 2010.
- Safna þekkingu um áhrif loftslagsbreytinga á líffræðilega fjölbreytni.
- Vinna saman að verndunaraðgerðum til að bjarga tegundum og vistkerfum sem eru í hættu.
- Kanna afleiðingar aukinnar notkunar lífmassa á líffræðilega fjölbreytni, landslag og vistkerfi, þar á meðal aukinnar notkunar lífoldsneytis í samgöngum.
- Þróa og auka notkun stjórn-tækja, einkum hagrænna, sem geta stuðlað að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni.
- Koma í veg fyrir innrás ágengra framandi tegunda.
- Efla framkvæmd alþjóðlegra samninga í þverfaglegu norrænu samstarfi og varpa ljósi á lagalega stöðu villtra erfðaauðlinda.

Framkvæmdaáætlun Tummhverfismálum 2009–2012 Líffræðileg fjölbreytni og þjónusta vistkerfa



3.2 Landslag, menningarlandslag og útivist

Markmið

Náttúru- og menningararfur Norðurlandanna verði tryggður.


Aðgengi að náttúru- og menningarumhverfi verði tryggt.

Útivist efli heilsu og lífsgæði fólks og verði samofin þróun þjóðfélagsins.

Hraðar og róttækar þjóðfélagsbreytingar hafa áhrif á landslag Norðurlanda. Landnýting hefur einnig haft áhrif á líffræðilega fjölbreytni og ráðið miklu um hvers konar lífríki, tegundir og þjónustu vistkerfa er að finna í landslaginu nú. Viðurkenning á hlutverki náttúrunnar fyrir fólk í ýmsum lögum um landnýtingu, byggð, skipulag og stjórnun náttúruauðlinda og menningarumhverfis er mikilvægt skref við framkvæmd evrópska landslagssáttmálans.

Með ferðaþjónustu og auknum ferðalögum skapast ný umhverfisvandamál en einnig ný tækifæri til útivistar. Aðgengi að náttúru, menningarumhverfi og útivist í

nágrenni þéttbýlis skiptir sköpum fyrir vellíðan fólks. Útivist bætir lífsgæði og heilsu og styrkir umhverfisvitund og skilning fólks á mikilvægi sjálfbærrar stjórnunar náttúru- og menningarauðlinda. Mikilvægt er að fræða almenning um þessi verðmæti.



Forgangsverkefni

- Auka þekkingu á og kynna bætandi áhrif landslags og menningararfs á lífsgæði fólks.
- Hvetja bæði byrjendur og æfða iðkendur til umhverfisvænnar útivistar.
- Safna þekkingu um og kynna samspil útivistar og heilsu.
- Standa saman að framkvæmd evrópska landslagssáttmálans.



4. Sjálfbær neysla og framleiðsla

Meginmarkmið

Neysla og framleiðsla verði sjálfbær og miði að því að bæta heilsufar og umhverfi og auki jafnframt skilvirkni við nýtingu auðlinda.

Álag á lífríkið má fyrst og fremst rekja til neysluhátta þar sem brúðlað er með auðlindir náttúrunnar. Þróa má flesta framleiðsluhætti á þann veg að þeir byggji á hófsamri nýtingu náttúruauðlinda og lágmarkslosun. Virk umhverfisvæn framleiðslustefna dregur úr álagi af völdum efna og efnavöru og umhverfisáhrifum vegna meðhöndlunar úrgangs og gerir kleift að draga til muna úr nýtingu óendurnýjanlegra náttúruauðlinda.

Vistfræðilegt fótspor stækkar óðum og því verður æ brýnna að rjúfa tengslin milli hagvaxtar og álags á umhverfið. Norðurlöndin eru á margan hátt sameiginlegur markaður með sams konar vöruframboð og svipað neyslumynstur. Þess vegna geta löndin stuðlað

saman að þróun umhverfisvænna framleiðsluhátta og örvað víxlverkun milli umhverfisvitundar neytenda og umhverfisvæns vöruframboðs. Annað svið í örum vexti er nýting nýrra efna, til dæmis nanóefna, en hún kallar á nýja þekkingu og nýjar reglur.

Mikilvæg ferli

Norðurlöndin munu stuðla að frekari þróun, aðlögun, framkvæmd og samræmingu alþjóðlegra samninga um efni og efnavöru, samninga er varða úrgang svo og annarra mikilvægra samninga. Halda ber áfram og þróa enn frekar alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun, þar á meðal stefnumótun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu (Marrakech-ferlið) og meðhöndlun efna og efnavöru (SAICM). Með því að samræma aðgerðir í þessum ferlum geta Norðurlöndin aukið áhrif sín og stuðlað að góðum árangri bæði hnattrænt og í sínum heimshluta.

Framkvæmd og aðlögun nýrrar löggjafar ESB um efni og efnavöru (REACH) er hafin. Ný ramma-tilskipun um úrgang kemur til framkvæmda á tímabili þessarar áætlunar. Stefnunótun ESB á sviði

sjálfbærrar neyslu og framleiðslu og vistvæn innkaup opinberra aðila sýna þróunina í starfi ESB á þessum sviðum. Þá er mikilvægt að hafa áhrif á tillögur að nýjum eða endurskoðuðum reglugerðum um vistvæna hönnun, samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (IPPC), umhverfisvottun (EMAS) og umhverfismerkingar ESB. Nýta ber reynsluna af norræna umhverfismerkinu, Svaninum, við þróun evrópska umhverfismerkisins, Blómsins.



4.1 Efni og efnavörur og hringrásarhugsun

Markmið

Tekist hafi að lágmarka umhverfis- og heilsufarsáhrif af völdum efna og efnavöru í framleiðsluvörum og losun sé haldið í skefjum.

Áhrif efna og efnavöru geta spillt umhverfi og heilsu. Þó margt hafi verið gert til að draga úr áhættunni er enn langt í land. Mikil áskorun felst í að takmarka losun heilsu- og umhverfisskaðlegra efna frá framleiðslu og vörum svo og við meðhöndlun úrgangs. Mörg þessara efna geta safnast saman í fæðukeðjunni og spillt heilsu fólks ef þau berast í fæðu sem við neytum.

Fræða þarf um afleiðingar losunar og notkunar á efnum og efnavöru og leita samlegðaráhrifa með hringrásarhugsun að leiðarljósi. Framar öllu er vert að hafa í huga að magn heilsu- og umhverfisskaðlegra efna í unninni vöru eru oft óþekkt. Reynsla og þekking Norðurlandanna auðveldar okkur

hér sem fyrr að taka virkan þátt í alþjóðasamstarfi á þessu sviði.

Efni sem spilla umhverfinu geta borist langar leiðir með vindum, hafstraumum eða flökkutegundum. Þetta gerir að verkum að Norðurlöndin, einkum heimskautsvæðin, finna fyrir áhrifum losunar sem á sér stað annars staðar á hnettinum.

Forgangsverkefni

- Vinna saman að framkvæmd löggjafar ESB um efni og efnavörur (REACH), einkum að gerð leiðbeininga.
- Taka þátt í endurskoðun á löggjöf ESB um sæfiefni og plöntuvarnarefni.
- Stuðla að því að þróaðar verði prófunaraðferðir og áhættumat, að löggjöfin taki einnig til nanóefna og fræðsla aukin um áhrif snyrtivöru og lyfja á umhverfið.
- Vinna áfram að því að gerður verði bindandi alþjóðasamningur um kvikasilfur.
- Efla alþjóðasamninga um efni og efnavöru og áætlun Sameinuðu þjóðanna um meðferð efna og efnavöru (SAICM).
- Hafa áhrif á gerð og

framkvæmd rammatilskipunar ESB um úrgang sem og annarra tilskipana sem fjalla um úrgang auk nýrrar rammatilskipunar um jarðvegsvernd.

- Taka þátt í alþjóðlegu starfi í tengslum við Montreal-bókunina og endurnýjun EB-reglugerða um ósoneyðandi efni.
- Auka samlegðaráhrif stefnumótunar um efni og efnavörur, framleiðsluvörur og úrgang í því skyni að gera hringrás og endurvinnslu úrgangsefna öruggari og skilvirkari.



Framkvæmdaáættun / umhverfismálum 2009–2012 Sjálfbær neysla og framleiðsla



4.2 Auðlindanýtni og markaður þar sem umhverfissjónarmið eru höfð að leiðarljósi

Markmið

Umhverfisáhrif vöru og úrgangs frá sjónarhorni hringrásarhugsunar verði hverfandi.

Norðurlönd verði í fararbroddi varðandi vistvæn innkaup.

Komið verði á sjálfbærri og markvissri stjórn náttúruauðlinda.

Mikilvægt er að skapa markaðsforsendur sem örva vistvæna nýsköpun og hönnun og hvetja atvinnulíf og neytendur til að haga fjárfestingum og innkaupum þannig að komið verði í veg fyrir eða dregið úr umhverfisvandamálum til framtíðar. Löggjöf á að stuðla að nýsköpun og þróun umhverfistækni þannig að norræn fyrirtæki eigi auðveldara með að nýta markaðstækifæri sem skapast vegna aukinnar eftirspurnar eftir umhverfisvænum vörum.

Skoða þarf betur samspil viðskipta, umhverfismála og upplýsingatækni, ekki síst í ljósi hnattvæðingar. Auka þarf notkun hagrænna stjórnækja.

Umhverfisfræðsla er mikilvæg leið til að efla sjálfbæra neyslu. Norðurlöndin eiga árangursríkt samstarf um norræna umhverfismerkið Svaninn. Úttekt á Svaninum sem gerð var árið 2008 bendir á fleiri leiðir til frekari þróunar þess samstarfs.

Opinber innkaup eru stór hluti markaðarins bæði á Norðurlöndum og í ESB-ríkjum. Vistvæn innkaup opinberra aðila eru í brennidepli á öllum Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi. Norrænt samstarf um sameiginleg viðmið við opinber innkaup hefur skilað góðum árangri. Hlutverk hins opinbera er að vera fyrirmynd hvað varðar opinber innkaup og er sérlega mikilvægt fyrir þróun vistvænnar tækni.

Heimsmarkaður fyrir umhverfistækni og umhverfisvænar lausnir er í örum vexti. Norðurlöndin vinna hvert fyrir sig að þróun umhverfistækni en einnig framkvæmd evrópsku framkvæmdaáætlunarinnar um umhverfistækni (ETAP). Mikill ávinningur næst fyrir umhverfið með því að breiða út umhverfistækni sem nú þegar er á markaðnum.

Forgangsverkefni

- Próa frekar stjórnækni og skapa forsendur fyrir aukinni nýtni efna og orku, meðal annars með því að Norðurlöndin taki þátt í framkvæmd ESB-tilskipunar um vistvæna vöruhönnun og ESB-tilskipunar um úrgang.
- Samræma betur og beita mismunandi aðferðum við umhverfisfræðslu, til dæmis við að kynna Svaninn, ESB-blómið, umhverfisstaðfestingu vegna vöru og aðrar merkingar.
- Hvetja til frekari þróunar á opinberum innkaupum sem tryggir að stærra hlutfall vöru og þjónustu sé vistvænt, arðsamt og feli í sér nýsköpun.
- Próa loftslagsviðmið í tengslum við Svaninn.
- Stuðla að sjálfbærri neyslu og framleiðslu með því að próa lagaleg skilyrði og hagræn stjórnækni.

Framkvæmd og eftirfylgni

Norrænu umhverfisráðherrarnir (MR-M) bera meginábyrgð á pólitískum þáttum umhverfissamstarfsins. Embættismannanefnd (EK-M) skipuð af umhverfisráðherrunum (MR-M) ber ábyrgð á framkvæmd umhverfisáætlunarinnar. Vinnuhópur norrænu embættismannanefndarinnar um umhverfismál (AU) er embættismannanefndinni til aðstoðar. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar (NMRS) samræmir hin ýmsu samstarfsstig í samvinnu við formennskulandið hverju sinni auk hinna ríkjanna og sjálfstjórnarsvæða. Norrænu samstarfsráðherrarnir ákveða fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar. Umhverfisráðherrarnir (MR-M) ráðstafa fjárveitingum til umhverfismála.

Fjöldi vinnuhópa og tengslaneta annast framkvæmd umhverfisáætlunarinnar. Starfið fer aðallega fram í samstarfsverkefnum en eins er skrifstofa ráðherranefndarinnar reiðubúin til að ýta úr vör nýjum verkefnum sem óskað er eftir að hafin verði á gildistíma áætlunarinnar. Framkvæði getur komið frá umhverfisráðherrunum, embættismannanefnd eða vinnuhópunum sjálfum.

Markviss og raunhæf verkefni sem hægt er að framkvæma á skilvirkan og sveigjanlegan hátt eru mikilvægur þáttur í norrænu samstarfi að umhverfismálum. Dæmi um verkefni sem vakið hafa mikla athygli og haft áhrif í norrænu verkefnasamstarfi er þróun viðmiða fyrir vistvæn innkaup, þróun viðskipta með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda við Eystrasalt, vísitölur um líffræðilega fjölbreytni, umfjöllun um ágengar framandi tegundir (NOBANIS), yfirlit yfir samninga um náttúru og menningarumhverfi og upplýsingablað um kvikasilfur í aðdraganda alþjóðlegra samningaviðræðna innan vébanda UNEP.

Í vinnuhópunum leggja sérfræðingar frá norrænum yfirvöldum og stofnunum til þekkingu sína og þannig berst hún milli landa gegnum norrænt samstarf.

Framkvæmdaáætluninni í umhverfismálum er fylgt eftir og forgangsröðun ákveðin í vinnuáætlunum og starfsskýrslum sem fara til afgreiðslu hjá embættismannanefnd umhverfisráðherranna. Auk þess ákveður embættismannanefndin hvort þörf sé á að gera

úttektir á áætluninni með það fyrir augum að reyna að sjá fyrir nýjar áskoranir í umhverfismálum.

Þá hafa umhverfisráðherrarnir samþykkt sérstaka upplýsingastefnu fyrir norrænt umhverfissamstarf. Í upplýsingastefnunni felst meðal annars að þegar verkefnum er hleypt af stokkunum þarf að liggja fyrir áætlun um hvernig miðla beri árangri verkefnisins og til hvaða markhóps. Mikilvægt er að kynna árangur verkefna bæði innan Norðurlanda og víðar. Þá ber að prófa nýjar leiðir til að nýta árangur af norrænu umhverfissamstarfi. Leggja þarf áherslu á upplýsingamiðlun í starfsáætlunum vinnuhópanna og flétta hana inn í verkefni þeirra.


Þar sem nauðsynlegt er að skoða umhverfismál með heildarsýn að leiðarljósi er mikilvægt að samstarf sé milli vinnuhópanna og þverfaglegra samstarfsverkefna. Þverfaglegt samstarf fari yfirleitt fram í tímabundnum verkefnum. Norrænar stofnanir geta tekið þátt í verkefnum.

Þá er þörf á samvinnu við umhverfis- og neytendastofnanir, atvinnu-

líf, sveitarfélög og almenning. Samstarf við vísindasamfélagið er einnig mikilvægt til að byggja upp enn frekari þekkingu í umhverfismálum. Norræni umhverfisfjármögnunarsjóðurinn og Svanurinn eru sérlega mikilvægir samstarfsaðilar á umhverfissviðinu.



Skipurit



Skammstafanir

- **BAT** Besta fáanlega tækni
- **BSAP** Aðgerðaáætlun fyrir Eyrstrasaltið
- **CBD** Sáttmáli um líffræðilega fjölbreytni
- **COP 15** Leiðtogafundur loftslagssamnings SP
- **EES** Evrópska efnahagssvæðið
- **EMAS** Umhverfisstærð ESB
- **ETAP** Framkvæmdáætlun ESB um umhverfistækni
- **ESB** Evrópusambandið
- **FAO** Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP
- **SP** Sameinuðu þjóðirnar
- **HELCOM** Helsinki-samningur um vernd Eyrstrasaltsins
- **IEG** Alþjóðleg stjórnsýsla umhverfismála
- **IMO** Alþjóðasiglingamála-stofnunin
- **IPPC** Samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun
- **LRTAP** Genfarsamningurinn um loftmengun sem berst langar leiðir
- **NEFCO** Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið
- **NIB** Norræni fjárfestingabankinn
- **NOBANIS** Upplýsinganet
- N-Evrópu- og Eyrstrasaltsríkja um ágengar framandi tegundir
- **OSPAR** Samningur um verndun NA-Atlantshafsins
- **PAME** Vinnuhópur Norður-skautsráðsins um verndun hafsvæða
- **PCB** Fjöklórað bifeytl
- **POP** Þrávirk lífræn efni
- **REACH** Reglugerð EB um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni
- **SAICM** Alþjóðleg stefnumótun um meðhöndlun efna og efnavöru
- **UNEP** Umhverfisstofnun SP

Samninganefnd

FORMAÐUR

Jeanette Krantz

DANMÖRK

Carl Bjørn Rasmussen

FINNLAND

Ann-Britt Ylinen
Magnus Nyström

ÍSLAND

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

NOREGUR

Jon Opem

SVÍÐJÓÐ

Jeanette Krantz
Ann Sofi Israelson

ÁLANDSEYJAR

Helena Blomqvist

NORRÆNA RÁÐHERRANEFNDIN

Nikolaj Bock
Mats Ekenger
Kaarina Huhtinen
Josephine Lindegaard



norden

Nordisk Ministerråd

Store Strandstræde 18
DK-1255 København K
www.norden.org

Framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2009–2012

Margar áskoranir í umhverfismálum eru þess eðlis að nauðsynlegt er að takast á við þær í samvinnu – í hverju landi fyrir sig, svæðisbundið og í alþjóðlegu samstarfi. Þetta á einkum við um loftslagsbreytingar, notkun og losun á efnum og efnavörum, verndun vistkerfa hafsins sem og verndun og nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni. Brýnt er að efla samstarf Norðurlandanna um að nýta auðlindirnar á sem bestan hátt og leita norrænna lausna.

Norrænu ríkin leggja kapp á að vera öðrum til fyrirmyndar í umhverfismálum og miðla reynslu sinni til annarra. Þekking á neyslu- og framleiðsluháttum skiptir sköpum fyrir ástand umhverfismála og því ber að skoða umhverfis- og efnahagsmál í samhengi.

ANP 2008:735
ISBN 978-92-893-1738-2